

Nd.

119. Nefndarátt

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um frv. þetta.

Ágreiningsefnið á milli nefndarhlutanna snertir ekki nema að litlu leyti þörf ríkissjóðs til aukinna tekna, heldur leiðina til að bæta úr henni.

Ástæður okkar eru þessar:

1. Vörutollurinn er ranglátur skattstofn, vegna þess að hann leggst nær jafnpungt á dýrar vörur og ódýrar, nauðsynjavörur og aðrar vörur óþarfari eða alóþarfari. Kemur hann þannig að mestu leyti jafnpungt niður á fátækum og efnuðum og miklu þyngra á fjölskyldum en einhleypum mönnum, og því þyngra sem fjölskyldan er mannfleiri og hefir — af þeirri ástæðu — örðugri afkomumöguleika.
2. Vörutollurinn er óbeinn tollur og innheimtist — sem aðrir slíkir tollar — með venjulegri verslunarframfærslu á ákvæðisupphæð hans, og verður þannig gjaldendum meiri fjárútlát en ríkissjóði tekjur.
3. Það er höfuðkostur tollstofna, ef þeir — jafnframt því að veita tekjur í ríkissjóð — verka þannig, annaðhvort að örfa og styðja framleiðsluna eða draga úr óþarfri, óhyggilegri eða skaðlegri eyðslu.
Slíka kosti vantar vörutollinn með öllu.

Við teljum ófært að reyna að ná auknum tekjum í ríkissjóð á skattstofni, sem slíka ókosti hefir. Teljum við, að fyr bæri að afnema vörutollinn í því formi, sem hann nú er, heldur en að hækka hann, og reynslan mun sýna, að því erfiðara verður að afnema hann, sem ríkissjóður á þar til að sjá meiri tekna.

Í annan stað álitum við, að óvíst sje, og enda ólíklegt, að þessi tollstofn gefi auknar tekjur í hlutfalli við hækkunina, eins og nú er komið almennum hag í landinu. Fjölda margir gjaldþegnar eru nú á takmörkum þess að vera sjálfbjarga eða gefast upp í sjálfstæðri baráttu fyrir lífsþörfum sínum. Mætti þá svo fara, að auknar álögur á þessum tollstofni hrintu þeim yfir takmarkið, og þá gætu þeir orðið opinberu lífi til meiri byrði en tekjuaukanum næmi.

Þegar svo er ástatt — eins og nú — að framleiðslan ber sig ekki alment, þá verka allar auknar byrðar í þá átt, að framleiðslan dregur sig saman — það eru hennar aðalvarnarráð — og atvinnuleysi fylgir í kjölfarið. Þess vegna eru rjettu ráðin til viðreisnar efnahagsins — jafnt ríkis sem einstaklinga — að ljetta byrðarnar á framleiðslunni og styðja hana á allan hátt, svo að hún fái rönd við reist, aukist og fært út svið sitt, og þar næst veitt ríkinu nauðsynlegan stuðning til að rjetta við sinn hag einnig.

Af framangreindum ástæðum verður ríkissjóður fyrst og fremst að leggja aðaláhersluna á að takmarka útgjöld sin á meðan hann þarf að bíða þess, að framleiðslan sje fær um að veita honum nauðsynlegan stuðning.

Eigi að síður munum við vinna að því áfram í samvinnu við samnefndarmenn okkar að leita ráða til aukinna tekna ríkissjóðs á þeim sviðum, sem einhverri kaupgetu er leift.

Samkvæmt framansögðu ráðum við háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 13. mars 1924.

Halldór Stefánsson,
frsm.

Jakob Möller.